

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík  
Sent með tölvupósti á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 25. apríl 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum (lánastofnanir og veðbréfafyrirtæki) – 533. mál.**

Vísað er til erindis frá 8. apríl 2022 þar sem aðilum á fjármálamarkaði var gefinn kostur á að koma fram athugasemdum við framangreint frumvarp til breytinga á lögum. Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „Arctica“) vill þakka fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið. Umsögn Arctica er eftirfarandi.

Niðurstaða vinnuhóps sem vann að undirbúningi og gerð frumvarpsins var að samræma ákvæði frumvarpsins við það sem almennt tíðkast innan ESB ríkja hvað varðar fyrirmæli um breytileg starfskjör, sem í frumvarpinu eru nefnd kaupaukar og kaupaukagreiðslur. Í þeim tillögum vinnuhópsins fólst að takmarkanir laganna varðandi breytileg starfskjör myndu ekki eiga við um alla starfsmenn fjármálafyrirtækja heldur einungis tiltekinn hóp þeirra. Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir núna hefur þessu hins vegar verið breytt og í því felst að takmarkanir frumvarpsins á heimild fjármálafyrirtækja til greiðslu kaupauka ná til allra starfsmanna fyrirtækjanna. Með því er gengið mun lengra en almennt gerist innan ESB ríkja við það að takmarka heimild fjármálafyrirtækja til að ákvarða starfsfólki breytileg starfskjör með greiðslum árangurstengdra kaupauka.

Arctica leggur til að frumvarpinu verði breytt að þessu leyti, annað hvort til samræmis við tillögur starfshópsins eða með öðrum hætti. Í því sambandi bendir Arctica á að verulegur munur er á starfsemi fjármálafyrirtækja innbyrðis og röksemdirnar fyrir takmörkunum breytilegum starfskjörum eiga alls ekki við um þau öll. Þannig er eðlismunur á rekstri veðbréfafyrirtækja annars vegar og t.d. innlánsstofnana hins vegar. Tilgangurinn með reglum sem takmarka möguleika fjármálafyrirtækja á að tengja laun starfsmanna við afkomu fyrirtækja er „ætlað að vinna gegn óæskilegri áhættusækni“, eins og fram kemur í frumvarpinu. Óheft áhættutaka gæti enda haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir fjármálakerfið í för með sér og getur skapað þörf á inngripi hins opinbera til að verja hagsmuni viðskiptavina þeirra, s.s. innlánseigendur.

Veðbréfafyrirtæki hafa hins vegar ekki heimild til að taka á móti innlánum frá almenningi og ekkert hér lent veðbréfafyrirtæki myndi teljast kerfislega mikilvægt. Fall veðbréfafyrirtækis myndi ekki kalla á inngrip hins opinbera í formi fjárframlags eða ábyrgðar til að verja hagsmuni viðskiptavina þeirra eða stöðugleika á fjármálamarkaði. Eignir viðskiptavina í vörslu veðbréfafyrirtækja eru ávallt sérgreindar frá eignum þeirra sjálfra og íslenskum veðbréfafyrirtækjum yrði einfaldlega leyft að falla. Af framangreindum ástæðum er vandséð hvaða rök standa til þess að takmarka breytileg starfskjör starfsmanna veðbréfafyrirtækja í formi árangurstengingar launa, í það minnsta þangað til

verðbréfafyrirtæki nær þeirri stærð að teljast kerfislega mikilvægt. Þær röksemdir sem nefndar eru í frumvarpinu fá því ekki staðist gagnvart veruleika héraendra verðbréfafyrirtækja.

Um sjónarmið Arctica að þessu leyti er annars ítarlega fjallað í umsögn Arctica um frumvarp til laga um markaði fyrir fjármálagerninga frá 11. september 2019. Umsögnin er meðfylgjandi erindi þessu og vísast þangað til nánari umfjöllunar.

Arctica bendir enn fremur á að langstærsti áhættuþátturinn í rekstri verðbréfafyrirtækja er rekstraráhætta. Með því að takmarka heimildir slíkra fyrirtækja til að bjóða starfsfólki sínu breytileg starfskjör sem taka myndu mið af raunverulegri afkomu eru verðbréfafyrirtækin í reynd þvinguð til að bjóða hærri föst laun til að halda í hæft starfsfólk, ef þau ætla sér á annað borð að geta boðið starfsmönnum samkeppnishæf launakjör á fjármálamarkaði. Aukinn fastur launakostnaður fyrirtækjanna eykur einfaldlega á fastan rekstrarkostnað fyrirtækjanna sem aftur eykur verulega rekstraráhættu þeirra. Niðurstaðan er því í reynd sú að reglurnar auka á áhættu fyrirtækjanna, en ekki minnka, sem gengur þvert gegn markmiði reglnanna sjálfra.

Með vísan til framangreinds mælist Arctica til þess við nefndina að endurskoða reglur frumvarpsins um breytileg starfskjör eða kaupauka, þannig að þær þjóni sem best markmiðum sínum og tilgangi. Tillaga Arctica er sú að reglurnar verði samræmdar því sem almennt tíðkast í samanburðarlöndum, þannig að takmarkanirnar nái fyrst og fremst til tiltekinna hópa starfsmanna fjármálafyrirtækja, taki til þeirra fjármálafyrirtækja sem móttaka innlán frá almenningi, teljast kerfislega mikilvæg eða þeim fylgi annars konar kerfislæg áhætta og/eða með því að hækka það hlutfall sem fjárhæð breytilegra starfskjara má að hámarki nema af föstum launum.

Arctica veitir fúslega frekari upplýsingar og gögn sem varða umsögn þessa og er reiðubúið til frekara samstarfs við nefndina.

Virðingarfyllst,

f.h. Arctica Finance hf.



Þorsteinn Ingason lögmaður

**Varðar:** Umsögn um frumvarp til laga um markaði fyrir fjármálagerninga – kaupaukakerfi.

Þann 2. ágúst sl. var frumvarp til laga um markaði fyrir fjármálagerninga birt á vef samráðsgáttar og aðilum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið. Frumvarpið er til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar 2014/65/ESB og reglugerðar nr. 600/2014 ESB (hér eftir „MIFID II“ og „MIFIR“).

Arctica Finance hf., kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, (hér eftir „Arctica“) vill þakka fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið og umsögn þess er eftirfarandi:

Reglur um greiðslu kaupauka til starfsmanna verðbréfafyrirtækja:

Í 37. gr. frumvarpsins koma fram reglur um greiðslur kaupauka til starfsmanna verðbréfafyrirtækja og gerð starfslokasamninga. Greinin er svohljóðandi:

*„Verðbréfafyrirtæki sem veitir viðskiptavinum fjárfestingarþjónustu skal sjá til þess að það hvorki umbuni starfsmönnum sínum né meti frammistöðu þeirra með þeim hætti að stangist á við skyldu þess að starfa með hagsmunum viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Sér í lagi skal það ekki setja fram kaupaukakerfi, sölumarkmið eða annað sem gæti búið til hvata fyrir starfsmenn til að mæla með tilteknum fjármálagerningi við almennan fjárfesti þegar verðbréfafyrirtækið gæti boðið viðkomandi annan fjármálagerning sem myndi þjóna þörfum hans betur.*

*Um kaupaukakerfi og starfslokasamninga verðbréfafyrirtækja fer að öðru leyti samkvæmt 57. gr. a-b., sbr. 4. mgr. 25. gr., laga um fjármálafyrirtæki.“*

Í athugasemdum við greinina í greinargerð með frumvarpinu kemur fram til nánari skýringa að lagt sé til að ákvæði laga um fjármálafyrirtæki varðandi kaupauka og starfslokasamninga gildi áfram um verðbréfafyrirtæki.

Af hálfu Arctica eru gerðar athugasemdir við þessa tilteknu grein frumvarpsins og telur Arctica ekki ástæðu til að verðbréfafyrirtæki lúti sömu takmörkunum um greiðslu kaupauka til starfsmanna og gerð starflokasamningasamninga og viðskiptabankar og lánafyrirtæki sæta.

Fyrir þeirri afstöðu Arctica eru margháttaðar röksemdir líkt og neðangreind umfjöllun ber með sér.

Um takmarkanir á kaupaukagreiðslum skv. 57. gr. a laga um fjármálafyrirtæki:

Hér er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um aðdraganda og innleiðingu núverandi reglna um greiðslu kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja. Núgildandi reglur, sbr. 57. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, mæla fyrir um að kaupaukagreiðslur geti að hámarki numið 25% af heildarlaunum starfsmanns án kaupauka. Hámarkið gildir um alla starfsmenn allra þeirra fjármálafyrirtækja sem ákvæðið nær til, en þó þannig að ekki er heimilt að ákvarða stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka. Nánari útfærsla og fyrirmæli

eru svo í reglugerð 388/2016, þar sem meðal annars er kveðið á um grundvöll kaupauka, frestun greiðslna og endurgreiðslu kaupauka.

Reglurnar um greiðslu kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja eru að stofni til frá árinu 2010 en nógildandi reglur eru frá 2015, sbr. lög nr. 57/2015 vegna innleiðingar á tilskipun 2013/36/ESB (hér eftir „**CRD IV**“) í íslenskan rétt. Í fyrstu útgáfu þess frumvarps sem lagt var fyrir Alþingi voru einungis lagðar til sérstakar takmarkanir á kaupaukagreiðslum, s.k. breytilegum starfskjörum, til tiltekinna starfsmanna fjármálafyrirtækja, nánar tiltekið til þeirra starfsmanna sem teldust hafa „veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis“. Undir þann flokk starfsmanna féllu yfirstjórn, lykilstarfsmenn, starfsmenn eftirlitseininga og aðrir starfsmenn sem nytu sambærilegra heildarstarfskjara og yfirstjórn og lykilstarfsmenn. Breytilegar greiðslur til þessara starfsmanna áttu að takmarkast við 25% af föstum starfskjörum viðkomandi starfsmanns. Fyrirhugað var að greiðslur kaupauka til annarra starfsmanna myndu ekki takmarkast með sama hætti, heldur myndu takmarkast við skyldubundnar starfsreglur um breytileg starfskjör viðkomandi fjármálafyrirtækis. Þessi aðferð, sem hið upphaflega frumvarp til laganna gerði ráð fyrir, var í samræmi við ákvæði CRD IV tilskipunarinnar og reglur annarra aðildarríkja ESB.

Með breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar, sem síðar var samþykkt sem lög, var hins vegar lagt til að gera ekki svo umfangsmiklar breytingar á reglum um greiðslu kaupauka, heldur halda þeim til samræmis við þágildandi reglur FME um hið sama efni. Í nefndarálitinu er það rökstutt með eftirfarandi hætti:

*„Umsagnir um frumvarpið höfðu að geyma mismunandi skoðanir á reglum um breytileg starfskjör. Ólík sjónarmið hvað þessar reglur varðar voru uppi innan nefndarinnar en **samhljómur var um að nauðsynlegt væri að reglur um breytileg starfskjör yrðu ekki til þess fallnar að ýta undir áhættutöku starfsmanna fjármálafyrirtækja og að slíkt, sérstaklega í tilviki kerfislega mikilvægra fyrirtækja og innlánsstofnana, gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið í heild sinni.***

*Nefndin telur því, eins og áður sagði, rétt að falla frá áformum um lögfestingu reglna um fyrirkomulag og takmarkanir á breytilegum starfskjörum starfsmanna fjármálafyrirtækja að svo stöddu. Við vinnu ráðuneytisins við frekari innleiðingu á reglum tilskipunar 2013/36/ESB og ákvæðum reglugerðar Evrópusambandsins nr. 575/2013 gefst tækifæri til þess að útfæra frekar reglur um breytileg starfskjör með hliðsjón af umsögnum sem borist hafa um frumvarpið og þess sem fram hefur farið á fundum nefndarinnar með fulltrúum ráðuneytisins.*

*Að mati nefndarinnar er þó ráðlegt að styrkja frekar lagastoð heimildar Fjármálaeftirlitsins til þess að setja reglur um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja og leggur því til breytingar þess efnis á 57. gr. a laganna.*

*Nefndin leggur til að 25. og 26. gr. frumvarpsins, sem lúta að fyrirkomulagi og takmörkunum á breytilegum starfskjörum til starfsmanna fjármálafyrirtækja og starfskjarastefnu, verði felldar brott.“*

Líkt og þarna kemur fram var í fyrsta lagi talin ástæða til að takmarka með mun ríkari hætti svigrúm fjármálafyrirtækja til greiðslu kaupauka en samræmdar reglur Evrópusambandsins báru með sér og í öðru lagi er það sérstaklega tekið fram að tækifæri gæfist til að útfæra reglurnar nánar í samstarfi við hagsmunaaðila við innleiðingu annarra tilskipana og reglugerða ESB. Sú endurskoðun hefur hins vegar ekki farið fram.

Samandregið má því segja eftirfarandi um nógildandi reglur um greiðslur kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja:

- Reglurnar ganga mun lengra og takmarka með mun ríkari hætti breytileg starfskjör starfsmanna fjármálafyrirtækja en almennt tíðkast í ESB/EFTA og tilskipun CRD IV gerir ráð fyrir:

- Á Íslandi er hámark kaupauka 25% af heildarlaunum starfsmanns án kaupauka, samanborið við 100% af árslaunum og 200% af árslaunum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum samkvæmt tilskipun CRD IV.
- Á Íslandi gilda hinar ströngu reglur um hámark kaupauka um alla starfsmenn allra fjármálafyrirtækja, samanborið við einungis tiltekna starfsmenn samkvæmt tilskipun, nánar tiltekið yfirstjórn, starfsmenn eftirlitseininga og þeirra sem hafa veruleg áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis.
- Noregur, Danmörk og Svíþjóð hafa öll ákveðið að haga sínum reglum til samræmis við tilskipunina varðandi ofangreind atriði, með nokkrum áherslumun þó, og veita þannig mun ríkara svigrúm til greiðslu kaupauka.
- Núgildandi reglum var ekki ætlað að standa til frambúðar heldur var strax við setningu laganna gert ráð fyrir að endurskoðun þeirra myndi hefjast. Sú endurskoðun hefur ekki farið fram.

#### Um takmarkanir á hvatagreiðslum samkvæmt tilskipun MIFID II

Í 10. tölul. 24. gr. tilskipunar MIFID II koma fram fyrirmæli um hvata- eða kaupaukagreiðslur til starfsmanna verðbréfafyrirtækja. Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 37. gr. frumvarps til laga um markaði fyrir fjármálagerninga og þar kemur fram að verðbréfafyrirtæki skuli fyrst og fremst sjá til þess að umbuna hvorki né meta frammistöðu starfsmanna þannig að það stangist á við skyldu þess til að hafa hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Sér í lagi skal verðbréfafyrirtæki ekki búa til hvata til að mæla með tilteknum fjármálagerningum við almenna fjárfesta þegar aðrir fjármálagerningar þjóna þörfum þeirra betur.

Engar aðrar takmarkanir er að finna á hvata- eða kaupaukagreiðslum til starfsmanna verðbréfafyrirtækja í tilskipuninni. Í frumvarpi til laga um markaði fyrir fjármálagerninga er hins vegar bætt við annarri málsgrein við nefnda 37. gr. sem vísar beint til fyrrnefndra fyrirmæla 57. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.

Á vettvangi ESB hefur því ekki þótt ástæða til að takmarka hvata- eða kaupaukagreiðslur til starfsmanna verðbréfafyrirtækja með sama hætti og vegna starfsmanna viðskiptabanka og lánafrirtækja. Í frumvarpi til laga um markaði fyrir fjármálagerninga er hins vegar lagt til að sömu reglur gildi.

Ef frumvarpið verður að veruleika óbreytt má því draga stöðu íslenskra verðbréfafyrirtækja saman með eftirfarandi hætti að því er varðar möguleika þeirra til að greiða starfsmönnum kaupauka eða taka upp kerfi breytilegra starfskjara:

- Á Íslandi eru hvata- eða kaupaukagreiðslur til starfsmanna verðbréfafyrirtækja takmarkaðar með sama hætti og vegna starfsmanna viðskiptabanka og lánafrirtækja, ólíkt því sem tilskipun MIFID II gerir ráð fyrir.
- Því til viðbótar eru hvata- eða kaupaukagreiðslur til starfsmanna viðskiptabanka og lánafrirtækja, og þar með einnig starfsmanna verðbréfafyrirtækja, takmarkaðar með mun ríkari hætti en tilskipanir ESB og annarra aðildarríkja ESB/EFTA almennt gera.

#### Afstaða Arctica og nánari röksemdir

Með hliðsjón af framangreindu er Arctica þeirrar skoðunar að ekki sé ástæða til að takmarka kaupaukagreiðslur til starfsmanna verðbréfafyrirtækja með sama hætti og slíkar greiðslur til starfsmanna viðskiptabanka og lánafrirtækja eru takmarkaðar. Í því sambandi bendir Arctica einkum og sér í lagi á að hinar íslensku reglur um takmarkanir á kaupaukagreiðslum til starfsmanna fjármálafyrirtækja ganga nú þegar mun lengra en sambærilegar reglur tilskipana ESB og samanburðarríkja og að í MIFID II er ekki gert ráð fyrir að þær reglur gildi yfir höfuð um starfsmenn verðbréfafyrirtækja.



Þessu til viðbótar bendir Arctica á eftirfarandi röksemdir fyrir því að ástæða sé til að leggja til breytingar á 37. gr. frumvarps til laga um markaði fyrir fjármálagerninga:

- Tilskipanir ESB gera ekki kröfu um svo viðurhlutamiklar takmarkanir sem greinin í núverandi mynd ber með sér.
- Samanburðarríki heimila mun meira svigrúm við greiðslu kaupauka til starfsmanna bæði viðskiptabanka og verðbréfafyrirtækja.
- Til hefur staðið, allt frá árinu 2015, að endurskoða reglur um greiðslu kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja og færa þær þannig nær því sem almennt tíðkast í samanburðarríkjum. Nú er kjörið tækifæri til að samræma reglur um greiðslur kaupauka til starfsmanna verðbréfafyrirtækja við tilskipanir ESB og reglur samanburðarríkja.
- Núverandi kaupaukareglur gilda um öll fjármálafyrirtæki óháð stærð, tegund og kerfislægu mikilvægi. Ef horft er til markmiðanna sem reglunum er ætlað að ná og voru forsendur fyrir setningu þeirra er alveg ljóst að gildissvið reglnanna ætti að takmarkast við kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, hverra rekstrarerfiðleikar geta haft neikvæð áhrif á almannahagsmuni. Önnur fjármálafyrirtæki og þar með verðbréfafyrirtæki ættu því að vera undanþegin reglunum, í heild eða að hluta, þar sem rökin að baki reglunum eiga alls ekki við um þau nema að mjög takmörkuðu leyti, líkt og skýrlega kemur fram og gert er ráð fyrir í tilskipunum ESB sem hin íslenska lagaumgjörð byggir að öðru leyti á.
- Minni fjármálafyrirtæki, þ.m.t. sérhæfð verðbréfafyrirtæki, eru ekki kerfislega mikilvæg og ljóst er að ríkisvaldið mun ekki hlaupa undir bagga með þeim ef að kreppir í efnahagslífinu og því útilokað að ríkissjóður eða almenningur verði fyrir beinum eða óbeinum kostnaði af kaupaukagreiðslum þeirra fyrirtækja, jafnvel þótt illa fari. Því er óeðlilegt að þau lúti sömu reglum er takmarka áhættur í rekstri kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja um kaupaukagreiðslur til starfsmanna.
- Meðalhófs hefur því ekki verið gætt við setningu kaupaukareglanna þar sem gengið hefur verið mun lengra en nauðsyn ber til við að takmarka kaupaukagreiðslur til starfsmanna fjármálafyrirtækja og það svigrúm sem til staðar er samkvæmt tilskipunum ESB hefur ekki að neinu leyti verið nýtt, heldur þvert á móti.
- Stífar reglur um kaupauka hækka fastan kostnað fjármálafyrirtækja og veikir þannig samkeppnisstöðu þeirra til lengri tíma litið, bæði varðandi innlenda samkeppni og samkeppni erlendis frá.
- Smærri aðilar á fjármálamarkaði, einkum sérhæfð verðbréfafyrirtæki, eiga nú þegar undir högg að sækja í samkeppni við stóru viðskiptabankana fjóra sem hafa meira svigrúm við að koma til móts við launakröfur starfsmanna.
- Takmarkanir á kaupaukagreiðslum auka þannig fastan launakostnað fjármálafyrirtækja, án tillits til afkomu þeirra, og auka þannig áhættu í rekstri þeirra. Á þetta sérstaklega við um minni fjármálafyrirtæki þar sem þau eiga ekki jafn auðvelt með að taka á sig þá áhættu eins og hin stærri fyrirtæki.
- Kaupaukareglurnar eru sérstaklega íþyngjandi gagnvart smærri fjármálafyrirtækjum, einkum sérhæfðum verðbréfafyrirtækjum, sem eiga af þeim sökum ekki kost á að halda grunnlaunum starfsmanna niðri en umbuna þess í stað starfsmönnum sínum í takt við árangur fyrirtækisins á hverjum tíma eða með umbun síðar samhliða auknu virði fyrirtækisins.
- Í lögum er nú þegar ákvæði sem undanskilja verðbréfafyrirtæki með takmarkaðar starfsskyldur undan gildissviði 57. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 3. mgr. 25. gr. sömu laga, án þess þó að

séð verði að þær takmörkuðu starfsheimildir sem þar getur takmarki áhættuna af rekstri þeirra með slíkum hætti að réttlætt geti slíka mismunun. Mikilvægt er að verðbréfafyrirtæki sitji öll við sama borð hvað varðar heimildir greiðslu kaupauka, að minnsta kosti að því marki sem þau teljast ekki kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Slíkur greinarmunur á milli verðbréfafyrirtækja innbyrðis er því enn frekar til þess fallinn að koma með harkalegum hætti niður á sérhæfðum verðbréfafyrirtækjum sem bjóða alhliða verðbréfaþjónustu.

Tilaga Arctica að breytingum á frumvarpi til laga um markaði fyrir fjármálaqærnina:

Með vísan til alls framangreinds telur Arctica að margháttuð rök standi til að breyta reglum um greiðslu kaupauka til starfsmanna verðbréfafyrirtækja. Arctica leggur í því sambandi til að 2. mgr. 37. gr. frumvarps til laga um markaði fyrir fjármálaqærnina verði felld brott. Þá er og lagt til að við upptalningu í 1. másl. a. liðar 4. tölul. 140. gr. framangreinds frumvarps verði bætt tilvísun í „57. gr. a.“

Arctica veitir fúslega frekari upplýsingar og gögn er varða efni umsagnar þessar og er reiðubúið til frekara samstarfs af þessu tilefni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Arctica Finance hf.



Ólafur Þór Finsen,  
yfirlögfræðingur.



# Minnisblað

**Til:** Efnahags- og viðskiptanefndar

**Frá:** Forstöðumanni lögfræðisviðs Bygðastofnunar

**Efni:** Íþyngjandi kröfur laga um fjármálafyrirtæki til Bygðastofnunar

Vísað er til 533. máls, stjórnarfrumvarps um Fjármálafyrirtæki o.fl. (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki), lagt fram á 152. löggjafarþingi 2021–2022, þingskjal 761.

Undanfarna mánuði hefur Fjármálaráðuneytið, í góðri samvinnu við Bygðastofnun og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (Innviðaráðuneytið) unnið að breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki með það í huga að draga úr íþyngjandi áhrifum þeirra á rekstur Bygðastofnunar. Í erindi fjármálaráðuneytisins til Bygðastofnunar við upphaf þeirrar vinnu á síðasta ári kemur fram það álit ráðuneytisins að smæð stofnunarinnar kalli í sjálfu sér ekki á undanþágu frá gildandi regluverki um fjármálafyrirtæki en Bygðastofnun hafi þó sérstöðu sem ríkisfyrirtæki í B-hluta sem heyrir undir beina stjórn ríkisins, er rekið á ábyrgð ríkissjóðs og gegnir samfélagslegu hlutverki á grundvelli laga og reglugerðar um stofnunina. Hún sé því ekki í sambærilegri stöðu og venjuleg lánastofnun. Að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins komi því einnig til greina að fella stofnunina í megindráttum undan því umfangsmikla regluverki sem gildir um fjármálafyrirtæki til að ná fram meiri sveigjanleika í rekstri hennar og sparnaði í rekstri en koma ákvæðum fyrir í lögum sem æskilegt væri að giltu áfram um stofnunina.

Bygðastofnun tekur undir þessi sjónarmið og telur mikilvægt að meira tillit sé tekið til sérstöðu stofnunarinnar í lögum.

Afrakstur þessarar samvinnu ráðuneytanna og Bygðastofnunar birtist í frumvarpi því sem nefndin hefur nú til meðferðar. Eins og þar kemur fram er stefnt að því að Bygðastofnun verði undanþegin þeirri kvöð að halda eiginfjáruka samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki (sveiflujöfnunarauka og verndunarauka) og stofnunin verði áfram undanþegin IX. kafla laganna um endurbótaáætlanir.

Ekki var tekin afstaða til krafna laga um fjármálafyrirtæki til Bygðastofnunar samkvæmt X. kafla laganna um laust fé og eigið fé, utan áður nefndrar undanþágu frá kröfu um að halda eiginfjáruka. Fjármálaeftirlitið og nú FME/SÍ hefur hingað til ekki gert kröfu um að Bygðastofnun skili skýrslum samkvæmt 83. gr. laganna um laust fé og stöðuga fjármögnun enda stofnunin ekki innlánsstofnun og hefur aldrei lent í lausafjávanda. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki snýr 83. gr. laganna aðallega að því að fjármálafyrirtæki skuli ætíð hafa yfir að ráðanægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé.



Eftir að frumvarp það sem hér um ræðir kom fram (533. mál) bregður hins vegar svo við að Byggðastofnun berst bréf frá FME/SÍ um að stofnunin skuli nú teljast skyldug til þess að sinna skýrsluskilum skv. 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki (sjá bréf FME/SÍ á fylgiskjali). Þau skýrsluskil eru gríðarlega umfangsmikil og fela í sér að Byggðastofnun þarf á aðkeyptri sérfræðivinnu fyrir háar fjárhæðir að halda til að geta sinnt þeim, til viðbótar við aukið álag á starfsmenn stofnunarinnar. Vart þarf að taka fram að þetta er alls ekki í samræmi við þá vinnu sem Fjármálaráðuneytið og Innviðaráðuneytið höfðu lagt í með Byggðastofnun þar sem markmiðið var að draga úr íþyngjandi áhrifum laga um fjármálafyrirtæki á rekstur lítillar stofnunar sem er 100% í eigu og á ábyrgð íslenska ríkisins.

Í ljósi þessa, er farið fram á að eftirtaldar breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

„B-liður 136. gr. orðist svo: Við 3. mgr. bætast þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: X. kafli um eiginfjárouka gildir ekki um Byggðastofnun. Byggðastofnun er undanþegin kröfum um skýrsluskil um laust fé og stöðuga fjármögnun. Í reglum sem Seðlabanki Íslands setur má undanskilja Byggðastofnun öðrum kröfum um skýrsluskil, eftir atvikum með því að takmarka kröfur um tíðni eða umfang skýrsluskila frá Byggðastofnun.“

**Greinargerð:** Unnið hefur verið að því að draga úr íþyngjandi áhrifum laga um fjármálafyrirtæki á litlar opinberar lánastofnanir eins og Lánasjóð Sveitarfélaga og Byggðastofnun, m.a. með frumvarpi þessu, síðan ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar opnaði á að undanþágur til handa stofnananna yrðu gerðar með lögum (sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019). Ekki hefur verið formleg undanþága í lögum vegna skila á skýrslum um laust fé og stöðuga fjármögnun en eftirlitsaðilar hafa hingað til ekki talið þörf á því að Byggðastofnun sinnti þeim skilum enda þau gríðarlega umfangsmikil og kostnaðarsöm og íþyngjandi fyrir stofnunina. Í ljósi aukinna krafna eftirlitsaðila er talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í lögum að Byggðastofnun sé undanþegin þeim kröfum um skýrsluskil sem fram koma í 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Byggðastofnun telur jafnframt að rétt sé að bæta við heimild til Fjármálaeftirlits SÍ til að létta á öðrum skýrslugjafarkröfum til Byggðastofnunar en þeim sem varða laust fé.

Maí 2022

Hjalti Árnason

forstöðumaður lögfræðisviðs Byggðastofnunar



**Stjórnarráð Íslands**  
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is  
545 8200

Sölvhóls götu 7,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 03. júní 2022  
Tilv.: IRN22010248/2.23

Vísað er til 533. máls, stjórnarfrumvarps um Fjármálafyrirtæki o.fl. (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki), lagt fram á 152. löggjafarþingi 2021-2022, þingskjal 761.

Byggðastofnun hefur kynnt innviðaráðuneytinu minnisblað sitt til efnahags- og viðskiptanefndar, þar sem rakið er að í kjölfar framlagningu frumvarpsins telji Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands að stofnuninni beri nú skylda til að sinna skýrsluskilum skv. 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2001 sem fjallar um kröfur sem gerðar eru til fjármálastofnanna um laust fé og stöðuga fjármögnun. Að mati stofnunarinnar er um að ræða umfangsmikil skýrsluskil sem eru verulega íþyngjandi fyrir stofnunina. Hingað til hefur ekki verið talið þörf á að Byggðastofnun sinni slíkum skilum vegna stöðu stofnunarinnar en stofnunin er að fullu í eigu, og á ábyrgð íslenska ríkisins. Stofnunin leggur því til þá breytingu á frumvarpinu sem fæli í sér að stofnunin verði undanþegin umræddum skýrsluskilum.

Innviðaráðuneytið telur rétt að taka undir ábendingu Byggðastofnunar. Í ljósi lögbundins hlutverks stofnunarinnar, stærð hennar og stöðu telur ráðuneytið að ekki sé ástæða til að gera þær kröfur til stofnunarinnar um skýrsluskil sem kveðið er á um í 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki og reglum settum á grundvelli þeirra. Um er að ræða ríkisstofnun sem ráðherra hefur stjórnar- og eftirlitshlutverk með á grundvelli IV. kafla laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011 og fellur undir gildissvið laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Leggur ráðuneytið því til að fallist verði á tillögu Byggðastofnunar um breytingu á frumvarpinu en stofnunin leggur til að b-liður 135. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Við 3. mgr. bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: X. kafli um eigintjárouka gildir ekki um Byggðastofnun. Byggðastofnun er undanþegin kröfum um skýrsluskil um laust fé og stöðuga fjármögnun. Í reglum sem Seðlabanki Íslands setur má undanskilja Byggðastofnun öðrum kröfum um skýrsluskil, eftir atvikum með því að takmarka kröfur um tíðni eða umfang skýrsluskila frá Byggðastofnun.“

Að öðru leyti vísar ráðuneytið í þau sjónarmið sem fram koma í minnisblaði Byggðastofnunar.

Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði

Björn Ingi Óskarsson



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

b/t Guðrúnar Hafsteinsdóttur, formanns.

[Nefndarsvid@althingi.is](mailto:Nefndarsvid@althingi.is) og [gudrun.hafsteinsdottir@althingi.is](mailto:gudrun.hafsteinsdottir@althingi.is)

Reykjavík 5. júní 2022.

### **Efni: Athugasemdir og breytingatillögur við frumvarp varðandi lög um fjármálafyrirtæki**

Með bréfi þessu vill Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (Lánasjóðurinn) setja fram athugasemdir og þrjár breytingatillögur vegna frumvarps um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum (mál 533, þingskjal 761). Tekið skal fram að vegna umfangs frumvarpsins og hversu skammt er síðan Lánasjóðurinn fékk upplýsingar um það, þá þurfa athugasemdir þessar og tillögur ekki að vera tæmandi m.t.t. hagsmuna sjóðsins.

#### **1. Athugasemdir við ummæli í greinargerð**

Í greinargerð frumvarpsins (5. kafli um samráð) er umfjöllun um þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að bæta Lánasjóðnum á lista yfir aðila sem undanþegnir eru gildissviði tilskipunar ESB nr. 2013/36 (CRD IV) og þ.a.l. reglugerðar ESB nr. 575/2013 (CRR) (og eftir atvikum fleiri gerðum). Þar segir m.a. að Lánasjóðurinn hafi ekki sóst eftir frekari undanþágum frá lögum um fjármálafyrirtæki en að Byggingastofnun (sem einnig er á umræddum lista) hafi sóst eftir að vera undanþegið tilteknum ákvæðum laganna um skýrsluskil.

Framangreind umfjöllun er ekki alls kostar nákvæm.

Í fyrsta lagi skal tekið fram að samráð hefur einungis átt sér stað varðandi ákvæði gildandi laga um fjármálafyrirtæki. Ekkert samráð hefur átt sér stað varðandi breytingar skv. fyrirbyggjandi frumvarpi.

Í öðru lagi, þá sóttist Lánasjóðurinn ekki „almennt“ að vera undanþeginn (gildandi) regluverki um fjármálafyrirtæki. Hins vegar taldi Lánasjóðurinn að mögulega ætti að gera „*ákvæðnar breytingar [á regluverkinu] í ljósi þess að hann hefur verið undanskilinn ákvæðum ofangreindra gerða EES samningsins*“ Jafnframt taldi Lánasjóðurinn að „*stjórnsýsluframkvæmd SÍ/fme hljóti að taka mið*

af sérstöðu sjóðsins bæði að þessu leyti og með tilliti til starfsemi sjóðsins skv. 3. gr. laga nr. 150/2006“.<sup>1</sup>

Eitt af því sem sérstaklega var nefnt til breytingar á regluverkinu varðaði undanþágu frá gerð endurbótaáætlun sem varð að veruleika, sbr. ákvæði þar um í 116. gr. gildandi laga. Þá var einnig vegna sérstöðu starfsemi sjóðsins lögð til undanþága frá lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sem ekki hefur orðið af.

## **2. Stjórnsluframkvæmd Seðlabankans**

Lánasjóðurinn hefur átt í samskiptum við fjármálaeftirlit Seðlabankans varðandi umfang og tíðni skýrsluskila. Hefur verið vísað til þeirrar stöðu að Lánasjóðurinn er undanþeginn Evrópska regluverkinu (s.s. CRD/CRR) og starfsemi hans er sérstök og takmörkuð skv. lögum nr. 150/2006. Þá hefur m.a. verið vísað til grundvallarreglna stjórnsluréttar um meðalhóf og jafnræði þ.e. að mismunandi tilvik verði meðhöndluð á mismunandi hátt).

Viðbrögð Seðlabankans hafa valdið Lánasjóðnum vonbrigðum en ekki hefur verið um neinn sveigjanleika að ræða vegna framangreindrar stöðu Lánasjóðsins. Hyggst Lánasjóðurinn leita eftir álitum umboðsmanns Alþingis á þeirri stjórnsluframkvæmd. Til upplýsingar eru meðfylgjandi bréf Lánasjóðsins til Seðlabankans dags. 9. júlí 2021 og 22. desember sama ár.

## **3. Breytingatillögur**

Með vísan til framangreinds vill Lánasjóðurinn leggja til að gerðar verði þrjár breytingatillögur við fyrirbyggjandi frumvarp.

### **a) Breytingatillaga varðandi skuldbindingaskrá (17. gr. a)**

Lánasjóðurinn leggur til að hann verði undanþeginn mánaðarlegum skilum á skýrslum í svokallaða skuldbindingaskrá, sem mælt er fyrir um í 17. gr. a laganna. Lagt er til að ákvæði þessa efnis verði sett í 116. gr. laganna (sjá tillögu í undirkafla c).

Að baki þessari tillögu standa þau rök að Lánasjóðnum er einungis heimilt að lána til sveitarfélaga og félaga/fyrirtækja í eigu þeirra (og þeirra og ríkisins), sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006.<sup>2</sup> Þannig er um lánveitingar til afmarkaðs hóps opinberra aðila að ræða og erfitt að sjá gagnsemi þess að upplýsingar um slíkar lánveitingar séu mánaðarlega sendar til Seðlabankans. Þá eru upplýsingar

<sup>1</sup> Bréf Lánasjóðsins til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. júní 2020.

<sup>2</sup> „Tilgangur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er að tryggja sveitarfélögum ásamt fyrirtækjum og stofnunum í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs lánsfé á hagstæðum kjörum og takmarkast útlán hans við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.“



um lán til hvers einasta lántaka birtar opinberlega í ársreikningi og árshlutareikningi Lánasjóðsins og þau gögn send til Seðlabankans.

Þessu til viðbótar eru verulegur kostnaður af umræddum skýrsluskilum, bæði vegna vinnu starfsmanna Lánasjóðsins og vegna forritunarkostnaðar, sem sjóðurinn telur að ekki sjái fyrir endann á.

b) Almenn árétting á sérstöðu Lánasjóðsins og Byggðastofnunar við stjórnsluframkvæmd og skýrsluskil

Lánasjóðurinn leggur einnig til að löggjafinn mæli fyrir um það með skýrum hætti að við stjórnsluframkvæmd skuli taka tillit til sérstöðu sjóðsins og Byggðastofnunar. Þetta eigi bæði við almennt, m.a. við setningu reglugerða og reglna, en sé sérstaklega áréttað varðandi skýrsluskil til Seðlabankans

Er lagt til að viðbótarsetning varðandi upplýsingagjöf og skýrsluskil bætist við 9. mgr. 107. gr. laganna (sjá tillögu í undirkafla c). Um rökstuðning er vísað til umfjöllunar í kafla 2 og meðfylgjandi bréfum (nr. 2-3).

Jafnframt er lögð til viðbótarmálgrein við ákvæði 116. gr. til áréttingar því að stjórnvöldum beri við stjórnsluframkvæmd almennt, þ.m.t. við setningu reglugerða/reglna, að horfa til þess að Lánasjóðurinn og Byggðastofnun eru undanþegin CRD/CRR regluverkinu (sjá tillögu í undirkafla c). Að mati Lánasjóðsins þá er slík regla í samræmi við grundvallarreglur stjórnsluréttar, en mætti áréttast í með skýrum hætti í lögum í ljósi regluflóðs EES gerða.

c) Breytingatillögur

Ákvæði 9. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002 hljóði svo:

„Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita litlum og einföldum fjármálafyrirtækjum undanþágur frá upplýsingagjöf skv. 18. gr. og gagnaskilum skv. a-lið 2. mgr. 117. gr. b. Þá skal Fjármálaeftirlitið taka sérstakt tillit til sérstöðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og Byggðastofnunar varðandi mat á þörf, umfangi og tíðni skýrsluskila og annarrar upplýsingagjafar“.

Ákvæði 3. mgr. 116. gr. laga nr. 161/2002 hljóði svo (m.t.t. breytingatillögu í 136. gr. frumvarps):

„Ákvæði IX kafla A um endurbótaáætlun gildir ekki um Byggðastofnun og Lánasjóð sveitarfélaga ohf. [X. kafli um eiginfjáruka gildir ekki um Byggðastofnun]. Ákvæði 17. gr. a um uppfærða skuldbindingaskrá gildir ekki um Lánasjóð sveitarfélaga ohf.“


Við 116. gr. bætist ný málgrein sem verði 4. mgr. og verði svohljóðandi:

„Við stjórnsluframkvæmd, þ.m.t. með setningu reglugerða eða reglna, á grundvelli laga þessara skal tekið tillit til þess að Byggðastofnun og Lánasjóður sveitarfélaga ohf. eru undanþegin gildissviði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36 um aðgang að starfsemi lánastofnanna og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum“.

#### 4. Niðurlag

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. væntir þess að framangreind sjónarmið og tillögur verði teknar til ítarlegrar skoðunar við meðferð málsins af hálfu efnahags- og viðskiptanefndar. Þá er sjóðurinn reiðubúinn að veita frekari upplýsingar og koma til fundar með nefndinni ef óskað er eftir.

Virðingarfyllt,



Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

#### Meðfylgjandi:

1. Bréf Lánasjóðsins til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 15. júní 2020.
2. Bréf Lánasjóðsins til fjármálaeftirlits Seðlabankans, dags. 9. júlí 2021.
3. Bréf Lánasjóðsins til fjármálaeftirlits Seðlabankans, dags. 22. desember 2021.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2022  
Tilv.: 2204009

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um 533. mál.**

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, þann 8. apríl 2022, þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki o.fl. (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki), 533. mál.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu, þá sendi Samkeppniseftirlitið umsögn á samráðsgátt stjórnvalda þann 7. janúar 2022 þar sem það ítrekaði stuðning sinn við breytingartillögu á orðalagi 52. gr. laganna um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra.

Með þessari umsögn ítrekar Samkeppniseftirlitið stuðning sinn við umrædda breytingartillögu og vísar í fyrri umsögn sem er meðfylgjandi.

Virðingarfyllt,

Samkeppniseftirlitið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt stjórnvalda  
Mál nr. 229/2021

Reykjavík, 7. janúar 2022  
Tilv.: 2112007

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og fleiri lögum (innleiðing EES-gerða o.fl.)**

1. Samkeppniseftirlitinu hefur borist til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, og fleiri lögum.<sup>1</sup> Í 70. gr. draganna eru lagðar til breytingar á orðalagi 52. gr. laganna, en þar er lagt til skilyrði um að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafi gott orðspor og hafi ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt tilgreindum lögum.
2. Nánar segir í c-lið 70. gr. draganna að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri:  
*„c. hafi gott orðspor og hafi ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldprotaskipti o.fl., lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um gjaldeyrismál, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi, og“ [...]* (undirstrikun Samkeppniseftirlitsins)
3. Þess ber að geta í umsögn Samkeppniseftirlitsins við [frumvarp til breytinga á samkeppnislögum í maí 2020](#) lagði eftirlitið á það áherslu að hugað yrði að tilteknum breytingum á samkeppnislögum sem ekki var að finna í frumvarpinu á þeim tíma, þ. á m. að kveðið yrði á um heimild til að leggja á atvinnurekstrarbann í kjölfar samkeppnislaga brota. Að mati Samkeppniseftirlitsins er slík heimild til þess fallin að auka varnaðaráhrif, sporna gegn lögbrotum, þ. á m. samkeppnislaga brotum og þar með stuðla að aukinni samkeppni. Með vísan til þessara sömu atriði tekur Samkeppniseftirlitið undir það að þörf sé á framangreindum breytingum sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum.
4. Víða í Evrópu hefur þróunin verið sú að auka heimildir til leyfissviptinga og atvinnurekstrarbanns. Í samkeppnislöggjöf nokkurra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu er samkeppniseftirlitum gert mögulegt að krefjast þess fyrir dómi að stjórnendur fyrirtækja, sem gerst hafa sekir um brot á samkeppnislögum, ítrekað og/eða alvarlega, megi ekki stjórna fyrirtæki í tiltekinn tíma. Nefna má heimildir í þessa veru í t.d. Bretlandi, Finnlandi og Svíþjóð.

<sup>1</sup> Aðgengilegt hér á samráðsgátt stjórnvalda: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3098](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3098).



5. Þá má í þessu sambandi benda á að með lögum nr. 59/2019, um breytingu á almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (misnotkun á félagiformi og hæfisskilyrði), var kveðið á um að úrskurða megi einstaklinga í atvinnurekstrarbann í allt að þrjú ár með dómi vegna brota á lögnum. Þá eru sambærileg ákvæði varðandi útilokun frá þátttöku í opinberum útboðum að finna í 68. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.
6. Starfsmenn eða stjórnendur fyrirtækja geta sætt sektum eða fangelsi allt að sex árum þrjóti þeir gegn 41. gr. a samkeppnislaga, sbr. 10. og/eða 12. gr. laganna. Refsiábyrgð einstaklinga samkvæmt samkeppnislögum tekur til brota sem talin upp eru í 2. mgr. 41. gr. a en þau brot teljast til alvarlegustu samkeppnislagabrota og eru þau til þess fallin að hafa mjög skaðleg áhrif á samkeppni, neytendur og samfélagið allt. Lagaheimildir til að meina einstaklingum að stunda atvinnurekstur vegna slíkra alvarlegra brota eru að mati Samkeppniseftirlitsins til þess fallnar að letja einstaklinga til afbrota, ekki síður en sektir eða refsíábyrgð. Þá er markmið slíkra heimilda jafnframt að koma í veg fyrir ítrekuð brot af hálfu sömu einstaklinganna.
7. Með vísan til þessa telur Samkeppniseftirlitið að til mikils sé að vinna og ítrekar því stuðning sinn við umrædda breytingartillögu. Jafnframt áskilur Samkeppniseftirlitið sér rétt að koma að frekari sjónarmiðum eða athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Samkeppniseftirlitið



22. apríl 2022

## Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

### Alþingi við Austurvöll

#### Varðar: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum

Vísað er til erindis nefndarinnar með ósk um umsögn. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru meðmælt samþykkt frumvarpsins. SFF átti tvo fulltrúa í nefndinni/vinnuhópnum sem vann að gerð frumvarpsins. Frumvarpið er að meginhluta innleiðingarfrumvarp á gerðum frá ESB bæði nýjum og eldri gerðum. Af þessum sökum hafa SFF ekki miklar athugasemdir við frumvarpið enda er það almennt sjónarmið SFF að innlend löggjöf um fjármálastarfsemi eigi að vera í samræmi við gildandi Evrópurétt. SFF vilja koma með tvær ábendingar eða athugasemdir:

1. Líklegt er að ýmis fjármálafyrirtæki þurfi að gera breytingar á samþykktum sínum vegna ákvæða frumvarpsins um tilefningarnefndir og starfskjarastefnu. Gildistaka laganna er áformuð 1. júlí næstkomandi en aðalfundur fyrirtækja vegna ársins 2022 hafa nú þegar farið fram. Af þeim sökum væri æskilegt að gildistöku þessara ákvæða væri frestað til miðs næsta árs.
2. Fallið var frá því í lokayfirferð frumvarpsins í fjármálaráðuneytinu að samræma ákvæði frumvarpsins um kaupauka að því sem gildir ESB rétti hvað varðar tvö atriði. Breytingarnar felast annars vegar í því að ákvæðin nái til allra starfsmanna en ekki aðeins starfsmanna sem hafa marktæk áhrif á áhættusnið fyrirtækis og hins vegar að óheimilt verði að veita stjórnarmönnum og starfsmönnum sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu kaupauka. Hvort tveggja er strangara en það sem tilskipunin áskilur en samræmist því sem nú gildir. SFF hefðu kosið að frumvarpið færi fram eins og niðurstaðan var í nefndinni/vinnuhópnum sem vann frumvarpið. SFF áttar sig á því að kaupaukaákvæðin eru viðkvæm en telur æskilegt að gildissvið þeirra sé í samræmi við það sem gerist á nágrannalöndum. SFF eru reiðubúin til viðræðna við nefndina um þetta mál.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Yngvi Örn Kristinsson



26. apríl 2022  
Tilv.: 2204061

Alþingi  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum, 533. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd, dags. 8. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn bankans um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki), 533. mál. Frumvarpinu er ætlað að ljúka innleiðingu CRD IV regluverksins, þ.e. tilskipun 2013/36/ESB (CRD IV) og reglugerð (ESB) 575/2013 (CRR), ásamt því að innleiða þær breytingar sem orðið hafa á þessum gerðum. Seðlabankinn styður framgöngu frumvarpsins en telur ástæðu til að koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

Í 136. gr. frumvarpsins er lagt til að Byggðastofnun verði undanþegin X. kafla laga um fjármálafyrirtæki sem fjallar um eiginfjáruka. Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 var Byggðastofnun og Lánasjóði sveitarfélaga ohf. bætt við lista yfir aðila sem eru undanþegnir gildissviði CRD IV og CRR. Frá því að sú ákvörðun var tekin hefur verið til umræðu hvernig eigi að aðlaga íslenskan rétt að þessu svigrúmi. Tillaga 136. gr. frumvarpsins er að hluta ætlað að koma til móts við Byggðastofnun sem sóttist eftir því að vera undanþegin ákvæðum um skýrsluskil vegna mats á eiginfjárþörf og kröfum um að viðhalda eiginfjárukum. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. sóttist hins vegar ekki eftir undanþágum. Það er skoðun Seðlabankans að núgildandi regluverk henti starfsemi Byggðastofnunar fremur illa sem getur gert bæði stofnuninni og Seðlabankanum erfiðara um vik að framfylgja því að öllu leyti, enda hefur hvort tveggja regluverkið og starfsemi stofnunarinnar breyst umtalsvert frá því að hún var fyrst felld undir það. Var það einkum á þeim grundvelli sem farið var í vinnu við fyrrnefnda aðlögun EES-réttar. Það er afstaða Seðlabankans að áframhaldandi vinnu þurfi að eiga sér stað til að meta með fullnægjandi hætti hvers konar varfærniskröfur og eftirlit eigi að gilda um Byggðastofnun til framtíðar og þá hugsanlega á grundvelli sérlaga en ekki laga um fjármálafyrirtæki. Í því sambandi bendir Seðlabankinn á að í þessari vinnu hefur t.d. ekki verið skoðað hvort Byggðastofnun eigi að vera undanþegin kröfum um

laust fé og skilum á lausafjárskýrslum, enda sóttist stofnunin ekki eftir því. Slík vinna ætti einnig að kalla á breiðara samstarf, m.a. beina aðkomu Byggðastofnunar og innviðaráðuneytisins. Í þeirri vinnu ætti e.t.v. einnig að taka nánar til skoðunar stöðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Í 143. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á tilvísun bráðabirgðaákvæðis III til 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á þeirri grein samkvæmt frumvarpinu. Í frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæðið verði svohljóðandi:

*„Við setningu reglna skv. 117. gr. b er Seðlabanka Íslands heimilt að vísa til birtingar á tæknilegum framkvæmdarstöðlum og eftirlitsstöðlum í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Nýti Seðlabanki Íslands þessa heimild skal hann gera enskar útgáfur tæknilegu framkvæmdarstaðlanna og eftirlitsstaðlanna aðgengilegar á vef sínum.“*

Í 117. gr. b er Seðlabankanum veitt heimild til þess að setja reglur sem innleiða undirgerðir sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) samþykkir með stöð í tilteknum ákvæðum CRD IV og CRR. Um ræðir reglugerðir ESB sem byggja á tæknilegum eftirlits- og framkvæmdarstöðlum frá evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði. Þá er Seðlabankanum veitt heimild í 117. gr. b til að setja reglur sem innleiðir reglugerð ESB um laust fé en sú gerð byggist ekki á tæknilegum stöðlum.

Í bráðabirgðaákvæði III er Seðlabankanum veitt heimild til að vísa til birtingar á reglugerðum ESB sem byggja á tæknilegum framkvæmdar- og eftirlitsstöðlum í Stjórnartíðindum ESB á ensku. Reglugerðir sem Seðlabankanum er gert að innleiða samkvæmt 117. gr. b byggja hins vegar ekki allar á tæknilegum stöðlum.

Seðlabankinn leggur því til að bráðabirgðaákvæðinu verði breytt á þann hátt að í stað „tæknilegum framkvæmdarstöðlum og eftirlitsstöðlum“ komi „reglugerðum“. Ákvæðið verður þá svohljóðandi:

*„Við setningu reglna skv. 117. gr. b er Seðlabanka Íslands heimilt að vísa til birtingar á reglugerðum í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á ensku. Nýti Seðlabanki Íslands þessa heimild skal hann gera enskar útgáfur tæknilegu framkvæmdarstaðlanna og eftirlitsstaðlanna aðgengilegar á vef sínum.“*

Með framangreindum hætti er skýrt að Seðlabankanum sé heimilt að vísa til birtingar á reglugerðum ESB í Stjórnartíðindum ESB, hvort sem þær eru byggðar á tæknilegum stöðlum eða ekki. Það er jafnframt í samræmi við orðalag 1. og 2. mgr. 117. gr. b sem vísar ekki sérstaklega til tæknilegra framkvæmdar- og eftirlitsstaðla.

Að lokum bendir Seðlabankinn á að í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er vísað til birtingar á reglugerð (ESB) 2019/876 í auglýsingu nr. 4/2022 í C-deild Stjórnartíðinda. Eftir að auglýsingin var birt voru gerðar leiðréttingar á þýðingu reglugerðarinnar og mun sú útgáfa birtast í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins 5. maí nk. Með vísan til þess er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann hátt að vísað verði til birtingar í EES-viðbætinum í stað auglýsingarinnar í C-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

Björk Sigurgísladóttir  
framkvæmdastjóri  
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir